HAFNARFJÖRÐUR

# Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum

Gildir frá 1.ágúst 2013

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu fræðsluráðs.
2. Skilyrði fyrir greiðslur eru eftirfarandi
   a. Að foreldri eigi lögheimili í Hafnarfirði og hafi lokið hámarks fæðingarorlofi.
   b. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
   c. Að barn sé slysatryggt.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við dvalartíma barns og er kr. 5.000 fyrir hverja klukkustund á dag
4. Greitt er viðbótar niðurgreiðsla til tekjulágra foreldra/forráðarmanna og er kr. 6.000 (20%) og kr. 7.000 (40%) í samræmi við eftirfarandi tekjuviðmið:

   **Einstaklingur**

   | | |
   |---|---|
   | 0 til 2.951.739 kr. -(allt að á mánuði 245.978 kr.) | 40% |
   | 2.951.739 til 3.542.086 kr. - (allt að á mánuði 295.174 kr.) | 20% |

   ***Í sambúð***

   | | |
   |---|---|
   | 0 til 4.132.434 kr. - (allt að á mánuði 344.377 kr.) | 40% |
   | 3.132.435 til 4.958.921 kr. - (allt að á mánuði 413.243 kr.) | 20% |

   Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.
5. Greitt er fyrir hálfan og heilan mánuð og miðsat við 1. og 15. Hvers mánaðar
6. Veittur er 100% afsláttur af dvalargjaldi með öðru barni ef um systkini yngra en 2. ára er að ræða í daggæslu.
7. Foreldrar fá afslátt af dvalargjaldi leikskóla ef þeir eru með börn samtímis í leikskóla, gegn því að framvísa til leikskólastjóra niðurgreiðslukvittun frá Skólaskrifstofu
8. Sérstök niðurgreiðsla er greidd vegna barna eldri en 2.ára og er kr. 8.729 fyrir hverja klukkustund á dag. Ekki er greitt fyrir fleiri en 8 ½ stundir á dag. Greiðslur hefjast næsta mánuð eftir að barnið hefur náð 2. ára aldri og eru fjárhæðir óháðar tekjum.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar
5.desember 2012

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri